



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun sýningarinnar
Meistarar formsins
í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar
30. ágúst 2003**

Heiðruðu sýningargestir

Listasafnið á Akureyri hefur á nýliðnum árum gerst brautryðjandi, boðberi nýrrar sýnar, gestgjafi heimslistar norðan heiða.

Á fáeinum misserum hefur það efnt til fjölbreyttrar veislugleði, sýnt okkur gersemar Rembrants, indverska litadýrð frá Rajasthan, færeyska og grænlenka túlkun á íslenskum veruleika og nú gönguför um höggmyndasögu 20. aldar með kjörgripum frá Ríkislistasafninu í Berlín.

Frumkvæði safnstjórans hefur skapað ný viðmið í listalífi okkar Íslendinga og á vissan hátt skorað höfuðborgina á hólm, ögrað okkur sunnan heiða til að fara líka nýjar leiðir.

Sýningarnar á Akureyri hafa verið þörf áminning í umræðum um byggðastefnu og árangurinn eyðir öllum vafa um getu fólksins úti á landi – eins og gjarnan er tekið til orða á vettvangi Reykjavíkur – og ætti jafnframt að vera okkur öllum hvatning til að hugsa stórt þegar við vegum og metum hvað hægt er að gera til að endurskapa safnastefnu Íslendinga.

Það er einnig vel við hæfi að Listasafn Sigurjóns Ólafssonar sé í fylgdarliði þeirra norðanmanna í gönguför á slóðir meistaranna sem gáfu heiminum nýja sýn. Sigurjón var í senn rótfastur í íslenskum veruleika og heimsborgari í túlkun sinni og tjáningu. Hann var fulltrúi nýrra strauma og verk hans sóma sér vel í samanburði við það besta sem erlendir meistarar voru að skapa.

Það er djörf hugmynd að setja höggmyndir íslenskra listamanna við hlið verka sem eitt fremsta safn álfunnar telur til höfuðprýði heimslistarinnar og safn Sigurjóns Ólafssonar er kjörinn völlur slíkrar hólmgöngu. Hann hafði sjálfur kjark til að velja strangan mælikvarða og

hlífði hvorki sjálfum sér né öðrum við dómi sem fæst með samanburði við það besta sem þekkist.

Ríkislistasafnið í Berlín sýnir Íslendingum vináttu og velvild með því að lána okkur þessi úrvalsverk og það er vel til fundið að sýningin er á sama sumri og forseti Þýskalands heimsótti Ísland.

Við metum mikils að íslenskir listamenn geti áfram sótt þjálfun og aga, innsýn og áhrif á þýskar slóðir því innreið nútímans í heim íslenskrar menningar var einmitt nátengd lærdómi brautryðjendanna í Þýskalandi. Jón Leifs og Páll Ísólfsson, Halldór Laxness og Gunnar Gunnarsson voru fulltrúar fjölmennrar sveitar sem sótti Þýskaland heim á fyrri hluta síðustu aldar og kynntist í Berlín höfuðverkum snillinganna. Sú merka borg hefur verið mikill áhrifavaldur í íslenskri listasögu og enn sækja ungir listamenn þangað kraft til að fara nýjar leiðir – og ber þar kannski helst að nefna Ólaf Elíasson sem orðinn er á Vesturlöndum einna þekktastur íslenskra myndlistarmanna.

Ég færi Ríkislistasafninu í Berlín einlægar þakkir fyrir höfðinglegan vináttuvott og Listasafninu á Akureyri og Listasafni Sigurjóns Ólafssonar fyrir að hafa frumkvæði og áræðni til að færa okkur slíka sýningu – að gefa okkur kost á að skoða íslensku meistarana í veislufagnaði snillinga sem skarað hafa framúr á heimsvísu.

Þessi sýning flytur í rauninni einfaldan boðskap: Aðeins hið besta hæfir sem mælikvarði á íslenska list. Við sættum okkur ekki við nein hliðarsæti heldur fögnum dómi á fremsta bekk.

Sú hugsun er kannski ofdirfska smárrar þjóðar – en það er einmitt sá metnaður sem gerir okkur kleift að eiga erindi við aðra, ekki sem hjáleigubændur heldur gjaldgengir heima á hlaði höfðingjanna, þeirra sem helst hafa látið að sér kveða í heimslistinni.

Það var þessi dirfska sem gerði Halldór Laxness, Jón Leifs og Sigurjón Ólafsson og fleiri samtíðarmenn þeirra svo stóra, ekki aðeins á heimavelli, heldur hvar sem listalíf 20. aldar er vegið og metið.

Sú arfleifð er nú ungu listafólki hvatning til að sækja fram, að halda ótrauð á nýjar slóðir.

Slíkur er boðskapur sýningarinnar sem við fögnum hér í dag og þar er mér í senn ánægja og heiður að opna hana með þessum orðum.